

102

2. nóv.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 47 30. júní 1942,
fyrir Háskóla Íslands.

Samkvæmt tillögu ráðuneytisins staðfesti forseti Íslands í dag svofellda breytingu á reglugerð nr. 47 30. júní 1942, fyrir Háskóla Íslands:

1. gr.

30. gr., b, orðist þannig:

Til prófs í tannlækningum:

1. Efnafræði: Kennt það sama og í læknisfræði.
2. Líffærafræði: Kennslan er bókleg og lögð sérstök áherzla á lýsingu og gerð tanna og munnsvæðis.
3. Lífeðlisfræði: Kennslan er bókleg og lögð sérstök áherzla á næringarfræði og meltingu.
4. Meinafræði: Kennslan er bókleg. Auk almennrar sjúkdómafræði og sóttkveikjufræði skal lögð rækt við kennslu í sjúkdómafræði tanna og munnhols.
5. Lyfjafræði: Kennslan er bókleg. Auk almennrar lyfjafræði skal lögð sérstök rækt við deyfilyf og sótthreinsandi efni.
6. Handlæknisfræði:
 - I. Almenn handlæknisfræði: Kennslan er bókleg og sameiginleg með læknanemum, er búa sig undir fyrsta hluta læknaprófs.
 - II. Sérhæf handlæknisfræði. Kennslan er bókleg og verkleg.
7. Tannholds- og beinhimnusjúkdómar: Kennslan er bókleg og verkleg.
8. Krónu- og brúargerð, ásamt tannréttingu: Kennslan er bókleg og verkleg.
9. Tannsmíði: Kennslan er bókleg og verkleg.
10. Tannfylling: Kennslan er bókleg og verkleg.

2. gr.

48. gr., B, orðist svo:

Próf í tannlækningum:

Prófinu er skipt í þrennt.

Áður en stúdentinn segir sig til fyrsta hluta prófsins, skal hann hafa lokið undirbúningsprófi í efnafræði.

Prófgreinar í fyrsta hluta tannlæknaprófs eru:

1. Líffærafræði (anatomia).
2. Lífeðlisfræði (physiologia).

Prófið er munnlegt.

Prófgreinar í öðrum hluta tannlæknaprófs eru:

1. Meinafræði (pathologia).
2. Lyfjafræði (pharmacologia).

Prófið er munnlegt.

Prófgreinar í þriðja hluta tannlæknaprófs eru:

1. Handlæknisfræði (chirurgia).
2. Tannholds- og beinhimnusjúkdómar (periodontia).
3. Krónu- og brúargerð og tannrétting.

4. Tannsmíði.
5. Tannfylling.

102
2. nóv.

Prófið er munnlegt og verklegt (tvöföld einkunn).

Eigi má líða lengur en þrjú kennslumissiri milli undirbúningsprófs og fyrsta hluta, þrjú kennslumissiri milli fyrsta og annars og sex kennslumissiri milli annars og þriðja hluta. Ef lengra líður á milli, eru undangengnir prófhlutar ógildir. Undanþágu má veita, ef stúdent hefur verið veikur, enda sé það staðfest af lækni háskólans.

Fyrsti og annar hluti embættisprófs í læknisfræði jafngildir fyrsta og öðrum hluta prófs í tannlæknisfræði. Nái stúdent eigi 2. einkunn lakari í handlæknisfræði og tannholds- og beinhimnusjúkdómum, stentz hann eigi prófið.

Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 2. nóvember 1949.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

FORSETA BRÉF

103
29. nóv.

um breyting á forsetabréfi 11. júlí 1944, um hina íslenzku fálkaorðu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra fellst ég á eftirfarandi breytingu á forsetabréfi frá 11. júlí 1944, um hina íslenzku fálkaorðu:

Aftan við 6. gr. bætist:

Keðjan, ásamt stórkrossstjórnunni, er jafnframt æðsta stig orðunnar, og ber stórmeistari það einn íslenzkra manna. Stórmeistari getur sæmt þjóðhöfðingja annarra ríkja þessu stigi orðunnar.

Gjört i Reykjavík, 29. nóvember 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.